

74 verkefni hlutu brautargengi hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands



Frá sumartónleikum í Skálholti

Sjórn Samtaka sunnlenskra sveisarfélaga samþykkti á fundi sínum 24. mars úthlutun styrkveitinga úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands, að undanengnu mati fagraða atvinnu og nýsköpunar og fagraðs menningar. Um var að ræða fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðs á árinu 2021. Umsóknir voru samtals 166. Í flokki atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna bárust 67 umsóknir og 99 umsóknir í flokki menningarverkefna. Að þessu sinni voru tæpum 37 m.kr. úthlutað til 74 verkefna. Úthlutað var 16 m.kr. til 21 verkefnis í flokki atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna og tæpri 21 m.kr. til 53 menningarverkefna. Raföld hlaut að þessu sinni hæsta styrkinn 1,5 m.kr. í flokki atvinnu og nýsköpunar fyrir verkefnið „Fjölnýting jarðvarma til orkuvinnslu í dreif-

byli“. Markmið verkefnisins er að fjölnýta jarðhitavatn frá borholunni að Grásteini í Ölfusi fyrir orkuvinnslu, upphitun og iðnað, auk þess sem affallsvatn frá hitaveitunni er nýtt fyrir útiböð og fiskeldi. Gert er ráð fyrir að reynsla af fjölnýtingu að Grásteini verði nýtt fyrir önnur jarðhitasvæði á Suðurlandi. Í flokki menningarverkefna hlutu tvö verkefni styrk að upphæð kr. 900 þúsund. Um er að ræða verkefnið „Sumartónleikar í Skálholtskirkju“ og „Undirliggjandi minni“. Markmið Sumartónleika í Skálholti er að stuðla að uppbyggingu sígildrar tónlistar á Íslandi, með áherslu á nýsköpun, á flutning tónlistar fyrri alda og á sögulega upplýstan flutning. **Skálholtskirkja er rómuð fyrir hljómburð sinn og myndlist**

Í ár verður einnig lögð sérstök áhersla á að kynna börn og ungmenni fyrir nýrri tónlist og verða því sérstakir tónleikar og viðburðir sniðnir fyrir fjölskyldur. Ólafur Sveinn Gíslason hlaut styrk fyrir verkið „Undirliggjandi minni“ en verkefnið fjallar um uppruna og hugarheim einstaklinga sem búsettir eru í Flóahreppi. Það eru staðbundnir og persónubundnir þræðir sem verður fylgt eftir í rannsóknnum Ólafs og skoðað hvernig þeir endurspeglast í menningararfi svæðisins. Andrúmsloft og hugarfar staðarins mun birtast í samvinnu íbúa í Flóahreppi og atvinnuleikara sem verða virkjaðir í flutningi verksins. Um er að ræða þekkingarsköpun sem tekin verður til úrvinnslu í gegnum kvikmyndamiðilinn.



Við undirskrift að samþykktum um sjálfseignarstofnunina Njálurefill ses.

Sjálfseignarstofnun um Njálurefillinn sett á laggirnar

Þriðjudaginn 30. mars sl. var skrifað undir samþykktir fyrir sjálfseignarstofnunina Njálurefill ses. og hún þar með stofnuð. Í stjórninni eru þau Gunnhildur E. Kristjánsdóttir, formaður, f.h. Njálurefilsins, Lilja Einarisdóttir, gjaldkeri og ritari, f.h. Rangárþings eystra, Anton Kári Halldórsson, f.h. Rangárþings eystra og Þuríður Vala Ólafsdóttir, f.h. Hollvinafélags Njálurefilsins.

Njálureflinum sem sýnir Brennu-Njálssögu handsaumaða með refilsaumi í 90 m langan hörðúk. Með varðveislu og sýningu Njálurefils er það markmið stofnunarinnar að standa vörð um menningarlegt og sögulegt gildi Brennu-Njálssögu, efla og varðveita hið forna listform refilsaum og standa fyrir kynningu og miðlun þekkingar á Brennu-Njálssögu og refilsaumi. Það var mikil gleði að loksins sé búið að stofna félagið og á fyrsta stjórnarfundinum var skálað fyrir góðri framtíð og standa fyrir sýningu á Njálurefilsins.

Vinsælt heilsunámskeið fyrir eldri borgara í Hveragerði




Heilsuræktarnámskeið fyrir íbúa 60 ára og eldri í Hveragerði hefur gengið vel. Um 90 manns sóttu námskeiðið í upphafi og gríðarstór hópur hittist þrisvar í viku og iðkar fjölbreytta líkamsrækt við kjöraðstæður undir handleiðslu kennara.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR HELGA Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
gudny@domusnova.is
Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is
Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is
Sími: 772 9970

DOMUSNOVA
Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Grunnskólinn Hellu auglýsir eftir kennurum fyrir skólaárið 2021-2022

Lausar eru stöður umsónarkennara á yngsta- og miðstigi.

Auk þess vantar kennara í ensku á miðstigi og í list- og verkgreinum; hlutastörf í smíði, textíl og myndmennt.

Leitað er eftir einstaklingum sem uppfylla eftirfarandi menntunar- og færniskröfur:

- Kennararéttindi eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði.

Í Grunnskólanum Hellu eru nú 136 nemendur í 1.-10. bekk.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans <http://grhella.is>

Vinsamlegast hafið samband við undirrituð til að fá frekari upplýsingar:

Krístín Sigfúsdóttir skólustjóri á netfang kristins@grhella.is eða í síma 488 7021 / 663 6217.

Krístinn Ingi Guðnas. aðstoðarskólustjóri á netfang kristinn@grhella.is eða í síma 488 7022 / 848 1467.

Umsóknarfrestur er til 20. apríl nk.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Störfin henta jafnt konum sem körlum.



Styrkjum framtíðarleikmenn okkar út í lífið -Skyndihjálp inn í grunnskóla Árborgar

Líkt og flestir vita gera slys og veikindi ekki boð á undan sér og geta átt sér stað hvar og hvenær sem er, hvort sem um er að ræða hjá fullorðnum einstaklingum eða börnum. Þegar upp koma skyndileg veikindi eða slys getur það skipt sköpum á vettvangi að geta veitt skyndihjálp. Skyndihjálpar er skilgreind á eftirfarandi hátt:

„Sú fyrsta hjálpar sem veitt er einstaklingi sem hefur orðið fyrir slysi eða veikist skyndilega þangað til sjúkrahöll, lækni eða önnur hjálpar berst kallast skyndihjálpar.“ Með skyndihjálpar viljum við varðveita líf, stuðla að bata og síðast en ekki síst láta ástand hins slasaða ekki versna. Æskilegt er að sem flestir læri skyndihjálpar því oftast líða nokkrar dýrmætari mínútur þar til fagfólk heilbrigðisstéttarinnar kemur til hjálpar og því er mikilvægt að bregðast rétt við. Útbreiðsla á þekkingu í skyndihjálpar stuðlar að betra og öruggara samfélagi.“

Líkt og fram kemur í skilgreiningunni er æskilegt að sem flestir læri skyndihjálpar og á það ekki síst við börnin okkar. Með því að mennta börn í skyndihjálpar strax í grunnskóla erum við að

gefa þeim tækifæri til þess að hafa trú á eigin getu, hæfni til að takast á við áskoranir daglegs lífs og að auki efla sjálfsmynd þeirra sem veganesti út í lífið. Þess má geta að barn hefur í fjögur skipti verið valið skyndihjálparmaður ársins. Sem sýnir okkur hvers megnug þau eru.

Í menntastefnu Árborgar er kveðið á um að lögð sé áhersla á framsæknar og fjölbreyttar kennsluáðferðir og fellur skyndihjálpar vel að þeim kennsluáðferðum. Með því að hefja markvisst kennslu í skyndihjálpar í grunnskólum Árborgar myndi sveitarfélagið ekki einungis marka sér gæðastimpil í þessum málaflokki heldur einnig sýna gott fordæmi fyrir önnur sveitarfélög og um leið vera brautryðjandi og leiðandi þegar kemur að því að innleiða skyndihjálpar í grunnskóla landsins.

Að auki værum við að innleiða snemmtæka íhlutun þegar kemur að skyndihjálpar. Rannsóknir sýna að markvissar áðferðir í skólastarfi sem byggja á áðferðum snemmtækra íhlutunar skili árangri.

Að fá skyndihjálpar inn í skólaferfið og skilning fyrir því að allir geti veitt fyrstu hjálpar þegar

á reynir yrði dýrmæt framþróun. Fræðsla til almennings er ekki eins aðila verk eða stofnunar heldur samstarf fjölda aðila. Samstarf um eitthvað sem skiptir alla máli, samstarf um að kenna skyndihjálpar.

Einhverjum gæti þótt hugmyndin um að kenna börnum skyndihjálpar framúrsteftnuleg, en slíkar hugmyndir gefa gjarnan besta árangurinn. Líkt og þegar öryggisbelti voru gerð að skyldu í bifreiðum eða þegar reykingar voru bannaðar í flugvélum. Sumum myndi þykja þetta forræðisbyggja en við getum líka kallað þetta umhyggju eða nútímalega hugsun.

Það er margsannað að rétt viðbrögð á slystað geta skipt sköpum í lífi þeirra sem slasast. Slys gera ekki boð á undan sér og því er nauðsynlegt að geta brugðist rétt við þegar skyndileg óhöpp eða slys bera að.

Góð samskipti og fræðsla er góð undirstaða út í lífið, það er of seint að bygja brunninn þegar barnið er dottið ofaní.

*Díana Gestsdóttir,
íþróttar- og heilsufræðingur
og foreldri.*

Kjóssum 16 ára

Við viljum að kosningaaldur sé lækkaður úr 18 í 16 ára aldur í öllum kosningum. Þetta mál hefur áður komið upp í þjóðfélaginu en nú er komið að því að þetta fari í gegn. Hér að neðan er fræðsla um lækkan kosningaaldurs.

Ungt fólk til valda

Við viljum til að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þess til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur. Með því að lækka kosningaaldur í 16 ár nær kosningarrétturinn til tveggja árganga fólks sem enn nýtur verndar barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það að þau megi kjósa er í anda barnasáttmálans sem tryggir börnum rétt til að tjá skoðanir sínar í öllum málum er þau varða.

Þátttaka ungs fólks

Kosningaþátttaka hjá fólki undir 40 ára er miklu lægri en hjá eldra fólki. Þjóðin er að eldast og því skiptir máli að sem flestir kjósendur láti sig málefni ungs fólks varða og þar með málefni framtíðarinnar. Ótal samfélags-hreyfingar undanfarið ár sýna það að ungt fólk vill breyta samfélaginu. Sem dæmi má nefna #FreeTheNipple, #ÉgErEkkiTabú og Loftslagsverkföllin. Stjórn málin þurfa að vera vettvangur fyrir þetta unga fólk.

Tekinn skattur af 16 ára fólki

Ríkið og sveitarfélög taka skatt af fólki frá 16 ára aldri án þess að þau hafi aðkomu að því að velja þá fulltrúa sem hafa með höndum ráðstöfun þess skattfjár. Þetta er með öllu óboðlegt í nútímasamfélagi. Nú er enginn af 63 Alþingismönnum undir 30 ára aldri.

Fyrri reynsla

Góð reynsla hefur verið af lækkan kosningaaldurs í öðrum löndum. Í Austurríki stórjök lækkan kosningaaldurs stjórn málaáhruga ungs fólks. Einnig er það sannað að kjósendur sem kjósa í fyrsta sinn 16 eða 17 ára er líklegri til þess að kjósa í sínum fyrstu kosningum en 18 og 19 ára einstaklingar. 16 og 17 ára einstaklingar hafa einnig jafn mikinn áhuga á pólitík og eldra fólk, vita jafn mikið um pólitík og eldra fólk og eru jafn hæf til þess að kjósa. Með því að sýna ungu fólki að því sé treyst til að taka stórar ákvarðanir byggist vonandi upp gagnkvæmt traust á stjórn máluum. Valdefling ungs fólks og aukinn þáttur þess í ákvarðanatöku er af hinu góða og þótt kosningaaldur sé engin stök töfalausn þá getur hann verið mikilvægur þáttur í átaki þess efnis.

Hlustið

Breytingar á kosningaaldri hafa verið lagðar til nokkrum sinnum á undanföllum árum. Lengst náði málið á 148. löggjafarþingi

(2017-2018), en þá náðist ekki að ljúka þriðju og síðustu umræðu til að greiða endanlega atkvæða um frumvarpið. Fulltrúar úr nær öllum flokkum lögðust á eitt og þingmenn Samfylkingar, Miðflokks, Vinstri-grænna, Sjálfstæðisflokks, Pírata, Viðreisnar og Framsóknarflokks studdu tillöguna. Allt frá árinu 2014 hefur Ungmennafélag Íslands lagt til að kosningaaldur á sveitarstjórnarstigi sé lækkaður í 16 ár. Einnig er það í stefnu Landsambands ungmennafélaga að lækka kosningaaldur í 16 ár.

Nú hafa fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingar, Pírata og óháðir þingmenn lagt fram frumvarp sem, ef samþykkt yrði, myndi veita öllu íslensku fólki á aldrinum 16 til 17 ára kosningarétt í öllum kosningum. 16 og 17 ára einstaklingar vilja kjósa, hafa getu til að kjósa, hafa áhuga á því að kjósa, hafa vit til þess að kjósa og eru líklegri til þess að kjósa aftur ef þeir kjósa fyrst 16 eða 17 ára. Aðeins með því að lækka kosningaaldurinn niður í 16 ár mun ungt fólk loks fá eigin fulltrúa á Alþingi og í sveitarstjórnir.

Við skorum á Alþingi allra Íslendinga að samþykkja þetta frumvarp.

*Fyrir hönd ungmennaráðs
Árborgar,
Egill Ö. Hermannsson.*

VÍNAR SNITZEL

Breaded pork schnitzel

1.895 kr.



GRILLUÐ SAMLOKA *Mál tíð*

Grilled sandwich meal

1.395 kr.



*Gos úr vél frá CCEP fylgir með

Tilboð gildir út apríl 2021

N1 Hvolsvöllur



Nestlé

Eru samtök eldri borgara ráðalaus?

Forysta Landssambands eldri borgara virðist ráðalaus gagnvart skerðingarákvæðum á greiðslum almennatrygginga (TR) undanfarin mörg ár. Langur sjónvarpsþáttur nýverið um velferð aldraðra fjallaði ekkert um kjaramálin, en forsætisráðherra vék í ávarpi sínu þar að þeim lagfæringum sem ríkisstjórn hennar hefði stuðlað að með sérstökum lögum um bætur til þeirra sem lítinn eða engan stuðning hefðu fengið, líklega um 800 manns. Stuðningurinn hefði getað numið kr. 129.310 til hjóna eða sambúðarfólks á mánuði og kr. 170.784 til einstaklinga með heimilissuppbót eftir að hafa greitt skatt af greiðslunum. En hindranir og flækjustig laganna voru með þeim ólíkindum, að í upphafi árs höfðu aðeins 141 einstaklingur sótt um.

Leiðrétting á skerðingum greiðslna frá TR vegna vinnulauna

Talið hefur verið að það myndi kosta ríkissjóð um 2 milljarða króna ef 45% skerðing vegna vinnulauna umfram kr. 100 þúsund á mánuði yrði afnumin. Ekki er reiknaður með í því dæmi virðisaukinn af aukinni veltu fólksins, sem myndi koma til vinnu og ekki heldur lífsbati þeirra sem hafa kosið að sitja heima fullfrísk, fremur en að láta hirða af sér um 80% af því sem unnið yrði umfram þau laun. Ef þetta væri reiknað með tel ég að afnám skerðinganna myndi ekki kosta ríkissjóð neitt. Heldur hitt, að ríkissjóður myndi hagnast vegna aukinna tekna sem yrðu skattlagðar, ásamt veltu af virðisauka.

Leiðrétting á greiðslum frá TR vegna lífeyrissjóðsgreiðslna

Skerðingarákvæði laga um almennatryggingar vegna lífeyrissjóðsgreiðslna eru taldar spara ríkissjóði um 26 milljarða króna. Greiðslur sem eldri borgarar

fá úr lífeyrissjóði eru af TR meðhöndlaðar sem fjármagnstekjur, og séu þær umfram kr 25 þúsund á mánuði, þá skerðast greiðslur frá TR um 45%.

Ef lífeyrissjóðslurnar væru hins vegar taldar launatekjur væru þær ekki skertar fyrir en við 100 þús. króna markið. Í skattalögum eru lífeyrissjóðslur þó skilgreindar sem laun og skattlagðar með miklu hærra hlutfalli en ef þær væru fjármagnstekjur. Í lögum um almennatryggingar nr. 100/2007 er kveðið á um það í 2. gr., í 9. og 10. tl. að ekki sé mismunur á atvinnutekjum og atvinnutengdum lífeyrissjóðsgreiðslum.

Auk þessa eru lífeyrissjóðstekjur skattlagðar tvisvar, gagnvart þeim sem greidda skatt af greiðslum í lífeyrissjóð frá 1969 til 1988, en eru nú skattlagðir á ný af sama stofni fjármagns.

Leiðrétting á árlegum hækkunum bóta almennatrygginga

Þessi hækkun er framkvæmd einu sinni á ári; fyrsta janúar. Samkvæmt 69. gr. laga um almennatryggingar er kveðið á um að bætur „skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launapróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs“. Út frá þessari lagagrein kemst ríkisstjórn árlega að þeirri niðurstöðu að miða við fjárlög, en ekki 69. greinina. Þannig lækkar í raun árlegt framlag ríkissjóðs til þessara greiðslna, miðað við verðlag og launapróun í landinu.

Viðhorf þeirra sem ráða

Þeir segja: Aldrei hefur meira verið gert fyrir aldraða, eins og t.d. svar fjármálaráðherra við nýlegri fyrirspurn, sem birtist í Kjarnanum: „Í fyrsta lagi hafa kjör þeirra sem minnst hafa milli handanna af þeim sem fá bætur frá almennatryggingum batnað hraðast á undanförunum árum.

Halldór Gunnarsson

form. kjararáðs félags eldri borgara í Rangárvallasýslu



Kjör þeirra hafa batnað hraðar en þeirra sem hafa meira á milli handanna en þiggja þó eitthvað úr almennatryggingakerfinu.“

Hvernig skyldi ráðherrann svara þeirri einföldu spurningu, að íslenska ríkið greiði hlutfallslega lægst allra þjóða innan OECD til eldri borgara gegnum TR?

Síðan segir ráðherrann að Íslendingar eigi að vera stoltir af öflugum almennatryggingakerfi. Eigum við að vera stolt af því að ríkið hirði af eldri borgurum árlega um 26 milljarða vegna skerðinga á greiðslum TR til þeirra, vegna áunninna lífeyrissjóðsgreiðslna þeirra sjálfra?

Hvað gætu eldri borgarar gert til að ná fram leiðréttingu?

Forysta LEB gæti lagt fram tillögur til ríkisstjórnar um lágmarkslagfæringu á kjörum eldri borgara, sem næðu til þeirra sem verst eru settir í samræmi við samþykkt landsfundar um kjaramál frá 30.6.2020. Ef engin viðbrögð yrðu við því fyrir landsfund LEB á þessu ári yrði að mínu áliti að leggja fyrir fundinn tillögu um að félög eldri borgara um land allt stæðu saman að framboði undir nýrri forystu stjórnar LEB. Það gæti verið sjálfstætt framboð eða með samstarfi við annan flokk með skriflegum skuldbindingum stjórnar þess flokks um stefnu í þessum málaflokki og þátttöku í framboði, skilyrt aðeins til þátttöku á næsta þingi. Ef sérstakur flokkur eldri borgara næði kjöri til Alþingis, myndu þessi mál njóta forgangs hjá flokknum, ásamt því að styðja önnur góð mál til heilla fyrir land og þjóð.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er enginn annar en **Sven Lindström**, sá sænski matgæðingur. Það er vissulega ættarbuffið sem ég tek fyrir þessa vikuna en buffið hefur gengið mann fram af manni og notið fádæma vinsælda allt fram til dagsins í dag. Það er eitthvað við það þegar rauðbeður, laukur, gott nautahakk og bráðið smjör mætast á pönnunni. Töfrar sænska eldhússins koma hvergi jafnvel í ljós og einmitt í þessum einfalda rétti. Hefjumst handa.

Buff Lindström

1 bakki af góðu nautahakki
2 egg
2 soðnar kartöflur, marðar
Rjómasletta
1½ dl saxaðar sýrðar rauðrófur
1½ dl smátt saxaður laukur (gulur)
pipar og salt
2 msk. kapers ef vill
Íslenskt smjör

Hakki, egg, kartöflum og rjóma blandað saman uns það er orðið þétt í sér. Þá er lauk, rauðrófum og kapers varlega blandað við farsíð. Þegar búið er að móta hæfilega stór buff úr deiginu skal setja þau á pönnu með heitu smjöri. Þau

eru steikt við vægan hita uns þau fá á sig fallega skorpu. Þá er þeim snúið.

Lauksósa að hætti Lindström-fjölskyldunnar

½ laukur u.þ.b.
4 dl kjötsoð
Hveiti, maismjöl eða annað til þykkunar
Dálítið af ribena eða rabarbarasultu
Kjötkraftur

Steikið laukinn, bætið kjötsoðinu við þegar laukurinn er orðinn gullinbrúnn og mjúkur. Þá er sósan þykkt með hefðbundnum aðferðum heimilisins. Smakkað til með ribena eða rabarbarasultu og kjötkrafti.

Allt fært á diska og borið fram með kartöflum, rauðbeðum og grænum baunum.

Eftirréttur með súkkulaðiþráð

Vanillius að eigin vali
1 stk. suðusúkkulaði
¼ ltr. rjómi

Súkkulaðið brætt, rjóminn settur saman við, borið fram heitt.

Skorað er á **Pál Jónsson**.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Samkomulag um yfirfærslu Hraunbúða til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Öllu starfsfólki dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hraunbúða í Vestmannaeyjum verða boðin áframhaldandi störf og á sömu kjörum þegar Heilbrigðisstofnun Suðurlands tek-

ur við rekstri heimilisins 1. maí næstkomandi. Starfsfólkið mun jafnframt halda áunnum réttindum sínum. Þetta er megininntak samkomulags sem heilbrigðisráðuneytið og Vestmannaeyja-

bær hafa gert með sér vegna yfirfærslunnar. Samkomulagið í heild sinni verður kynnt fyrir starfsfólki og hlutadeigandi stéttarfélagum strax eftir páska.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis- og mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreifing: Dreifing í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er vikivaki og mörgum veiti yndi.
Fimleik mínum allir una.
Ég er bundinn nafni Hruna.

Svar við gátu í blaði 2591: **BLANDA.**
1. lína: **Sementsblanda** - 2. lína: **Mysublanda**
3. lína: **Áin Blanda**

Lóðir til úthlutunar á Selfossi í Bjarkarlandi

Árborg auglýsir til úthlutunar nýjar lóðir í 1. og 2. áfanga í landi Bjarkar á Selfossi.

Íbúðalóðir í 1. áfanga:

Um er að ræða 4 einbýlishúsalóðir, 2 parhúsalóðir, 4 raðhúsalóðir og 3 fjórbylishúsalóðir. Áætluð afhending er 20. júlí 2021.

Íbúðarlóðir í 2. áfanga:

Um er að ræða 24 einbýlishúsalóðir, 12 parhúsalóðir og 4 raðhúsalóðir. Áætluð afhending er 15. september 2021.



Hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni lokað

-Sælureitur með sögu og menningu forgörðum

Fyrir réttum 50 árum var fyrsta hjólhýsið skráð hér á landi og fljótlega upp úr því koma fyrstu hjólhýsin á Laugarvatn. Íslensku malarvegirnir fóru illa með hjólhýsin og því fóru menn að leggja þeim og nota sem sumarhús. Hjólhýsahverfið á Laugarvatni liggur við rætur Laugarvatnsfjalls og er að öllum líkindum elsta hjólhýsahverfið á Íslandi og það vinsælasta. Hverfið hefur vaxið og þróast sem sjálfstætt samfélag síðustu áratugi og er þess vegna áhugavert út frá sjónarhorni þjóðfræðinnar. Umhverfið á Laugarvatni var í fyrstu aðeins mólendi. Frumbyggjar svæðisins unnu við uppbyggingu þess og lögðu grunninn að hverfinu eins og það er í dag. Með tímanum var síðan bæði rafmagn og vatn lagt í hvert hús. Vegna mikillar eftirspurnar eftir lóðum, upp úr aldamótum 2000, úthlutaði sveitarfélagið stærra landsvæði undir hverfið og leyfði þar með áframhaldandi uppbyggingu þess. Hjólhýsahverfið hefur því stækkað jafnt og þétt með árunum úr því að vera mólendi með örfáum hjólhýsum yfir í að vera þéttbyggt og skógi vaxið rjóður.

Hjólhýsahverfi með sögu- og menningarlegt gildi

Áhugavert er að heimsækja hjólhýsahverfið á Laugarvatni. Þar hafa margar fjölskyldur komið sér upp sínum sælureitum. Algengt er að hver og einn skreyti sitt hjólhýsi og nærumhverfi á persónulegan máta. Hjólhýsin í hverfinu eru af öllum stærðum og gerðum, gömul og ný. Í hverfum sem þessum er meiri nánd og í húsunum sjálfum minnir það á baðstofu fyrri alda. Hópurinn sem samankominn er í hverfinu er fjölbreyttur, kemur víða að, úr öllum starfsstétum og á öllum aldri. Mikið er af skyldmönnum og tengsl við nágretta eru töluverð. Margir hafa myndað tilfinningaleg tengsl við svæðið og algengt er að vinskapur myndist milli íbúa. Félagslegi þátturinn er því ríkulegur. Sérstakur og góður andi ríkir. Allt gefur þetta hverfinu sögu- og menningarlegt gildi og í því felast verðmæti. Hjólhýsin eru um 200 talsins og nýta eigendur þeirra og fjölskyldur sér verslun og þjónustu á Laugarvatni, sem er töluverð lyftistöng fyrir svæðið.

Birgir Þórarinnsson

Þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi.



Lokun svæðisins reiðarslag fyrir hjólhýsaeigendur

Bláskógabyggð samþykkti í september á síðasta ári að loka hjólhýsasvæðinu. Kom það sem reiðarslag fyrir hjólhýsaeigendur og vakti málið athygli í fjölmiðlum. Gildandi leigusamningar verða ekki endurnýjaðir þegar þeir renna út á næstu tveimur árum. Ástæðan er sú að brunavörnum er áfátt. Ráðast þurfi í framkvæmdir til að koma öryggismálum á svæðinu í viðunandi horf. Leggja vatnslögn inn á svæðið fyrir slökkvilið, setja upp brunahana, gera flóttaleiðir, deiliskipulag ofl. Komið hefur fram að sveitarfélagið er ekki reiðubúið að leggja í þann kostnað sem þessu fylgir. Regluverk hefur breyst á þeim tíma sem liðinn er frá því að uppbygging hófst og nú eru gerðar meiri kröfur í þeim efnum. Rétt er að geta þess að enginn opinber aðili hefur farið fram á lokun svæðisins, heldur er lögð áhersla á að úrbóta sé þörf. Eflaust þarf úrbætur á fleiri hjólhýsasvæðum á landinu. Ef viðbrögðin verða þau sömu og hjá Bláskógabyggð er ljóst að hjólhýsasvæðin á Íslandi munu renna sitt skeið á enda.

Félag hjólhýsaeigenda býður fram aðstoð við úrbætur

Í október á síðasta ári gerði Samhjól, félag hjólhýsaeigenda á Laugarvatni Bláskógabyggð tilboð um að félagið legði til allt að 20 milljónir króna til framkvæmda við öryggismál á svæðinu í því augnamiði að það verði áfram starfrækt. Auk þess er félagið tilbúið að leggja fram vinnuframlag. Hér er um gott tilboð að ræða sem Bláskógabyggð hefur enn ekki svarað, sex mánuðum eftir að það var lagt fram.

Ég vil hvetja Bláskógabyggð til þess að ganga til samninga við Samhjól og leita allra leiða til þess að hjólhýsasvæðið á Laugarvatni fái að lifa áfram. Svæðið er sælureitur margra fjölskyldna til fjölda ára og hefur sögu- og menningarlega skírskotun.

Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í 50% stöðu



Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólakennara.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Leikskólinn Leikholt er í tímabundnu húsnæði að Blesastöðum en stefnir á að flytja í vor aftur í Brautarholt. Í Leikholti eru 37 börn á aldrinum 1 árs til 6 ára. Í Leikholti vinna 15 metnaðarfullir og faglegir starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandí. Við leggjum

áherslu á félagsfærniþjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn.

Einnig erum við þátttakendur í vináttuverkefnum Blær sem er forvarnarverkefni gegn einelti. Einkunnarorð leikskólans eru: Gleði, vinsemi og virðing.

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 895 2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar öllum óháð kyni og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl 2021 og æskilegt er að geta hafið störf sem fyrst.

Leikskólinn Leikholt er staðsettur tímabundið á Blesastöðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem er um 20 mín. akstur frá Selfossi. Varanlegt húsnæði er í Brautarholti í sama hreppi og flytjum við þangað aftur í vor.

ÞAÐ STYTTIST Í VORVERKIN

KROON-OIL býr yfir mikilli reynslu í framleiðslu á smurolíum fyrir landbúnaðarvélar og vinnuvélar. Nútíma landbúnaðarvélar og vinnuvélar eru háþröðuð tæki sem vinna við erfiðar aðstæður.

Þessi tæki eru oft flókin og viðkvæm og notkun á réttum viðhaldsvörum er því alltaf æskileg svo tækin starfi sem eðlilegast og skiptir rétt notkun á smurolíum gríðarlega miklu máli.

Leitaðu upplýsinga hjá sölumönnum okkar í næstu verslun Bilanaust og fáðu upplýsingar um hvað olía hentar þinni vél.



KIKTU Á VÖRUÚRVALIÐ Á www.bilanaust.is



Hrísmýri 7, 800 Selfoss

S. 482 4200

Opnunartími: Mán-fös: 9-18 Lau: 10-14

bilanaust@bilanaust.is



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.



S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



ATVINNA

Starfsmaður óskast í
vortörn. Upplýsingar á
staðnum; Gagnheiði 25
Selfoss.

Hjólbarðþjónusta
Magnúsar.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun Áttund

Yoga nidra byrjar
12. og 14. apríl.

Yoga nidra net-
námskeið 17. apríl.



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í íþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistar,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Frjálsíþróttasumarbúðir á Selfossi 2021

FRJÁLSAR Búíð er að opna fyrir skráningar fyrir Frjálsíþróttasumarbúðir FRÍ sem haldnar verða á Selfossi í sumar. Í fyrra gekk vel að halda sumar-
búðirnar þrátt fyrir heimsfaraldur af völdum Covid-19. Við höldum í vonina að staðan á faraldrinum verði góð og þetta muni ganga eins vel og það gerði í fyrra.

Í sumar verða Frjálsíþróttasumarbúðir FRÍ starfræktar í þrettánda sinn á HSK-svæðinu. Sumarbúðirnar verða haldnar á Selfossi dagana 27. júní til 1. júlí. Sumarbúðirnar eru ætlaðar fyrir börn á aldrinum 11 til 16 ára hvaðan sem er af landinu og ekki er gerð krafa um að barnið hafi áður stundað frjálsar íþróttir. Ungmennin koma saman um miðjan dag á sunnudegi og skólanum lýkur um hádegi á fimmtudegi í sömu viku.

Þátttökugjald í búðirnar



Það er alltaf líf og fjör í frjálsum. Ljósmynd: Umf. Selfoss

er aðeins kr. 26.000 en innifalið í því er hjálfun, fræðsla, fæði, gisting, bíóferð og önnur afþreying. Aðalumsjónarmenn með sumar-
búðunum líkt og undanfarin ár eru Ágústa Tryggvadóttir og Fjóla Signý Hannesdóttir. Einnig munu fleiri hjálparar og aðstoðarmenn vinna við skólann. Lagt er upp með að

fagmenntaðir kennarar sjái um kennsluna á hverjum stað til að tryggja sem besta kennslu fyrir ungmennin.

Skráning fer fram í gegnum tölvupóst á netfangið frjalsit-hrottaskoli@gmail.com.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Umf. Selfoss, www.selfoss.net. -Umf. Selfoss/FSH

Brenna og Emma í Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnu-
deild Selfoss hefur samið við bandaríska framherjann Brenna Lovera og áströlsku landsliðskonuna Emma Checker um að leika með liði félagsins í sumar.

Lovera er 24 ára gömul og kemur til Selfoss frá Boavista í Portúgal. Áður en hún fór til Portúgal lék Lovera með ÍBV á síðari hluta tímabilsins 2019 og skoraði þá 6 mörk í 9 leikjum.

„Brenna á eftir að passa vel inn í þetta hjá okkur. Hún er kraftmikill sóknarmaður en einnig dugleg varnarlega, sterk í loftinu og í teignum. Hún er líka flottur karakter og hefur marga eiginleika sem eiga eftir að nýtast okkur vel. Þannig að við erum bara þrælspennt að fá hana



Brenna Lovera lék í bandaríska háskólaboltanum. Emma Checker lék með Melbourne City.

til liðs við okkur.“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.

Checker er 25 ára gamall miðvörður sem hefur lengst af leikið í heimalandi sínu en einnig í Suður-Kóreu og Frakklandi. Hún hefur leikið 5 A-landsleiki fyrir Ástralíu og á einnig leiki

fyrir U17 og U20 landsliðin. Checker er í leikmannahópi Ástralíu sem mætir Þýskalandi í æfingaleikjum nú í apríl og flýgur svo til Íslands að því verkefni loknu.

„Við erum að fá frábæran leikmann í okkar raðir. Hún er í ástralska landsliðinu og er að berjast um að komast á Ólympíuleikana með sinni þjóð. Það er mjög ánægjulegt að hún vilji koma til okkar og styrkja okkar hóp. Þetta er reynslumikill leikmaður og það er mikil tilhlökkun hjá okkur að vinna með henni. Hún var mjög hrifin af því sem við höfum fram að færa fótboleiga séð og á eflaust eftir að geta miðlað af sinni reynslu til yngri leikmanna okkar.“ segir Alfreð Elías. -Umf. Selfoss/GKS

Guðbjörg Viðarsdóttir sæmd silfurmerki HSK

HSK Á stjórnarfundum HSK 23. mars sl. var ákveðið að veita Guðbjörgu Viðarsdóttur silfurmerki HSK og veitti hún merkinu viðtöku á aðalfundi frjálsíþróttaráðs HSK, sem fór fram í gærkvöldi.

Guðbjörg á skráðan margan árangur í afrekaskrá Frjálsíþróttasambands Íslands, sá fyrsti skráður 31.07.1983, þá 12 ára á móti í Reykjavík og kastaði kúlu 7,96 mtr. Sá síðasti sem skráður er í afrekaskrána, er frá 15. apríl 2017, kúluvarp innanhúss 9,40 mtr. á Páskamóti Hrunamanna. Köstin hafa alltaf verið hennar helstu



Guðbjörg Viðarsdóttir.

greinar, kúluvarp, sleggjukast og kringlukast. Hún æfði og keppti í mörg ár og var mikilvægur hlekkur í liði HSK á þeim árum. Hún hóf feril sinn í Umf.

Dagsbrún í Landeyjum þar sem hún ólst upp. Eftir að keppni lauk hefur hún sinnt leiðtoga-hlutverkinu í því að þjálfra börn og unglinga í frjálsum íþróttum og tekist vel til. Hvar sem hún fer er starfið rífið upp og hvergi slegið slöku við. Í dag er hún þjálfari hjá Umf. Hrunamanna og má með sanni segja að þar er hún lykilmannskjia í að halda frjálsum íþróttum á lofti. Það er með ánægju sem stjórn Héraðs-sambandsins Skarphéðins hefur ákveðið að veita henni silfurmerki sambandsins fyrir allt hennar góða starf á sambands-svæðinu. -HSK

Verkefni við Laugarvatn



Löng hefð er fyrir brauðbakstri við hverasvæðið við Laugarvatn. Brauðið er látið bakast yfir sólarhring og gjarna borið fram með bleikju úr vatninu.

Tíminn hefur víða verið nýttur til góðra verka og búið í haginn til framtíðar í því óumbeðna hléi sem skapaðist í ferðaþjónustu í heimsfar-

aldrinum. Laugarvatn er einn af þeim stöðum þar sem uppbyggingarverkefni hefur verið í vinnslu með stuðningi frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Hverasvæðið við Laugarvatn á sér merka sögu og hverirnir hafa verið nýttir á ýmsa vegu í gegnum tíðina. Undanfarin ár hefur svæðið við vatnið verið fjölsóttur ferðamannastaður og þar var nú ráðist í endurbætur á umhverfi og aðgengi bætt til muna fyrir gesti og gangandi. Nýr göngustígur var lagður við vatnsborðið með palla og bekki til endanna ásamt upplýsingaskilti. Svæðið var afmarkað betur og lágstemmd lýsing verður við stíginn.

Löng hefð er fyrir brauðbakstri á hverasvæðinu. Grafíð er í sandinn niður á sjóðandi vatn, pottur með brauðdeigi settur niður og mokað yfir. Brauðið er bakað í hverahitanum í sólarhring og gjarna borið fram með bleikju úr Laugarvatni. Þetta hafa heimamenn kynnt fyrir gestum við góðar undirtektir. Jarðhitinn er nýttur til upphitunar og íbúar hófu snemma á tuttugustu öldinni að baða sig í gufunni. Mikil breyting hefur orðið síðan, en í Laugarvatn Fontana geta gestir ennþá notið náttúrulegrar gufu beint úr íðrum jarðar.

Ástarbrautin í Skaftárhreppi fékk styrk



Ástarbrautin byrjar hjá Systrafossi. Uppi á brúninni er listaverkið Gullmolinn og flesta daga má sjá fólk á göngu. Ljósmynd LM

Ástarbrautin er 5 km hringleið þar sem gengið er upp hjá Systrafossi, yfir Klausturheiðina, niður hjá Bjarnartættum og komið við á

Kirkjugólfinu í bakaleiðinni. Gönguleiðin er mjög vinsæl og er komin inn í ferðabækur og ferðavefi víða um heim.

Styrkurinn að þessu sinni

var 6,61 milljón en áður hafði Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkt lagfæringu á Ástarbrautinni um 6 milljónir. Þá var byggður upp göngustígur í brekkunni þar sem gengið er niður hjá Bjarnartættum, austan við Klaustur. Skógrækt ríkisins sér um þann hluta Ástarbrautarinnar sem liggur upp í gegnum skóginn við Systrafoss og fær skógræktin 1,2 milljónir til að lagfæra og byggja, en á hverju ári þarf að lagfæra stíginn enda umferðin mjög mikil.

Nokkrir aðrir staðir í Skaftárhreppi verða lagfærðir og byggðir upp t.d. Fjaðrárgljúfur, Dverghamrar og stoppstaðurinn í Skaftáreldahrauninu.



82%

Sunnlendinga lesa
Dagskrána í hverri viku

GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ

Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna. Fellum og fjarlægjum stór tré. Við höfum tæki og fagmenn í verkið.

Sími 894 0444
bökkiehf@gmail.com

BOKKI
GARDAR



Hrossabændur hestamenn!

Vantar hross til slátrunar á næstu vikum. Sláturpantanir í síma 480 4100.

Sláturfélag Suðurlands Selfossi



Húsnæði óskast

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir íbúðum/húsum eða einstaklingsherbergjum til leigu fyrir starfsmenn félagsins yfir komandi sláturtíð í haust. Æskilegt er að húsbúnaður fylgi. Leigutíminn er frá byrjun september og fram í fyrstu viku nóvember. Öruggar greiðslur eru í boði fyrir hentugar eignir og góðri umgengni heitið.

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við:

Einar Hjálmarsson í síma/netfang:
480 4103/einarhj@ss.is.

Þórhildi Þórhallsdóttur í síma/netfang:
575 6030 /thorhildur@ss.is.

Heimilisofbeldismál eru í forgangi hjá Lögreglunni á Suðurlandi



Lögglustöðin á Selfossi.

Lögreglan á Suðurlandi Lvinur eftir sérstöku verklagi þegar kemur að heimilisofbeldismálum. Verklagið hefur verið tekið upp á landsvísi. Samkvæmt Elís Kjartanssyni, lögglufulltrúa hjá Lögreglunni á Suðurlandi breytir nýtt verklag máluum umtalsvert. „Það sem maður tekur fyrst eftir er að endurkoma okkar hjá lögglunni, á heimili þar sem er ofbeldi, hefur minnkað mikið. Það segir okkur að fólkið sem lendir í þessari aðstöðu fá hjálp og úrræði.“ Það er á Elís að heyra að það sé einmitt leiðarstefið í aðkomu lögglunnar að þessum málum.

Úrræðin til staðar sem ekki voru áður

„Það var stundum þannig hér áður fyrr að við komum á staðinn tókum einhvern aðila af heimilinu og hann var svo kominn stuttu seinna til baka og ástandið jafnvel verra á eftir. Þetta er ekki svona í dag. Við stígum þarna inn með félagsþjónustunni á hverju svæði fyrir sig. Öll mál fara í sama farveg og fá sömu meðferð. Það er rétt að taka fram að við setjum svona mál alltaf í hæsta forgang hjá okkur, rétt eins og bílslys.“ *Hver er þá munurinn á nálgun ykkar nú og áður?* „Fyrst og síðast er unnið að því að leysa málin og koma fólki áfram í úrræði. Stundum er það nóg. Stundum er ákært og málið fer sína leið í dómkerfinu. Aðal atriðið er að það er unnið með fólkinu sem

um ræðir í hvert skipti til að koma í veg fyrir að svona ástand skapist aftur.

Tekið á málum með hagsmuni allra að leiðarljósi

Það er að heyra á Elís að lögglun hafi skipt algerlega um gir í málaflokknum á undanförunum árum. „Já, það má segja það. Maður fer allavega rólegri að sofa eftir erfiða vakt þegar maður veit að málin eru komin í farveg. Það sé verið að hjálpa fólki að koma lífinu sínu í réttan farveg.“ *Svona mál hljóta að vera flókin í eðli sínu er hægt að beita þessari aðferð á öll mál?* „Þetta er alveg fast verklag. Það er ákveðin uppskrift sem farið er eftir og kakan kemur nánast eins út í hvert skipti. Þetta verklag hefur verið þróað með mjög mörgum aðilum og það er okkar upplifun, ásamt annarra sem koma að málum, að við séum búin að finna mjög góða leið til þess að takast á við þessi mál, með hagsmuni allra sem að borðinu koma að leiðarljósi.“

Þarf enginn að vera hræddur við að tilkynna mál

Nú er málið að fólk veigrar sér oft við að tilkynna um mál þó það verði vart við að ekki sé allt með felldu, eru þetta óþarfa áhyggjur? „Já, ég myndi segja það. Það er svo sem engin þægileg leið í þessum málaflokki, en ef við höfum í huga að með því að tilkynna erum við að beina fólki í réttan farveg. Þetta getur verið tekifæri þessarar fjölskyldu að

koma sínum málum á hreint. Hver svo sem þau eru. Þarf einhver að fara í meðferð? Eru samskiptin ekki í lagi og þarf að vinna með það? Eru börn sem þurfa aðstoð, þá sér félagsþjónustan um allskyns úrræði þar. Það þarf að breyta því hvernig fólk hugsar um þessi mál. Við erum ekki mættir á svæðið til að tortíma einu né neinu heldur styðja við það þannig að aðstæður fólks verði betri. Það tekur auðvitað tíma að breyta þessari ímynd en á meðan getum við vandað okkur og sýnt að þetta sé betra en að tilkynna ekki,“ segir Elís og leggur áherslu á orð sín. -gpp

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Efirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bíilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACN AF VINÁTTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar

Betri vörur - betra verð

Jiibbiíi Siggafærðir

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

DFS.is

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

